


Flórgoði

Podiceps auritus

Eini goðinn sem verpur á Íslandi. Minnir á smávaxna önd en er líkari brúsum í háttum og útliti. Er auðþekktur á þríhyrnu höfði, mjóum hálsi og stuttu stéli. Kynin eru sviplík. Í sumarþúningi virðist hann dökkur í fjarlægð, höfuðið er stórt og svartgljáandi með stórum gulum fjaðrabrúskum. Háls og síður eru rauðbrún, bak og afturháls svartleit og kviðurinn hvítur. Yfirvængir eru dökkir. Á veturna er hann dökkur að ofan en ljós að neðan, með svarta þríhyrnda kollhettu, dökkt bak og dökkkámugan afturháls og síður.

Fljúga sjaldan, eiga erfitt með að hefja sig til flugs en þegar þeir eru komnir á loft á hann auðvelt með flug. Þeir eru miklir sundfuglar og góðir kafarar en þungur til gangs. Verpa við gróðursæl vötn og tjarnir, oft í dreifðum byggðum. Á veturna sjást þeir helst í skjólsælum víkum og vogum.



Jóhann Óli Hilmarsson. (2011). *Íslenskur Fuglavísir*. Reykjavík: Mál og menning.

Mynd: Daníel Bergmann, sótt frá <https://www.ni.is/search/biota/Flórgoði>